

### **13. stjórnarfundur Alnæmisbarna, 31. janúar 2005**

Haldinn mánudaginn 31. janúar 2005.

Mættar: MJG, ÞSv, HT og HG.

Efni og ákvarðanir fundarins:

1. Tveir starfshópar voru settir á fót á félagsfundinum 29. jan. sl. Níu skráðu sig í kertahóp (til viðbótar við þær sem þegar eru skráðar) og þrír í markaðs- og þróunarhóp.
2. Átta nýir félagar skráðu sig í félagið.
3. Kertahópurinn fór á sitt fyrsta kertagerðarnámskeið í gær (sunnudag). Sjö mættu.
4. Ákveðið að kalla saman markaðs- og þróunarhóp í mars (eftir Úgandaferðina).
5. Ákveðið að stofna sérstakan ferðareikning til þess að standa straum af ferðakostnaði stjórnarfólks.
6. Rætt um undirbúning ferðar HG og MJG til Kampala í lok febrúar.

Ekki fleira rætt. Ákveðið að halda næsta stjórnarfund 13. febrúar nk. ÞSv ritaði fundargerð.